



GAMLI KVENNASKÓLINN, RAUÐA HERBERGIÐ



GAMLI KVENNASKÓLINN, BLÁA HERBERGIÐ



Leikhús	Veisla	Kabarett	Standandi boð
40	26	20	155

Gamli kvennaskólinn var stofnaður árið 1874, á heimili hjónanna Þóru og Páls við Austurvöll. Þau létu rífa húsið árið 1878 og byggja nýtt á sama stað sem hentaði skólastarfinu betur. Þau ráku Gamla kvennaskólann í byggingunni til ársins 1909 og síðan hafa fjölmörg fyrirtæki verið þar til húsa.

Byggingin hefur nú verið endurreist á glæsilegan hátt, þar sem gamli og nýi tíminn mætast, og myndar hún einstaka umgjörð um viðburði. Í takt við upphaflegt hlutverk hússins eru öll listaverkin sem það prýða eftir konur.

Í húsinu eru tveir salir, Rauða herbergið á fyrstu hæð og Bláa herbergið á annarri hæð. Hægt er að leigja þau í sitthvoru lagi eða saman. Einnig er hægt að leigja salina í tengslum við viðburði í Sjálf-stæðissalnum.

Salirnir henta best fyrir standandi boð.

Leyfilegur hámarksfjöldi gesta er 155 manns fyrir báða sali samtals. Í Rauða herberginu er stór bar og hægt er að bæta færanlegum bar við í Bláa herberginu.

Úr Bláa herberginu er hægt að ganga út á svalir sem vísa út á Austurvöll.

Hægt er að óska eftir færanlegum 65" skjám.

Hljóðkerfi fylgir salnum sem hentar fyrir ræðuhöld og einföld tónlistaratriði. Hægt er að leigja annan tækjabúnað.

Rauða herbergið er 79,7 m² að stærð og Bláa herbergið 102 m².

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tæknaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga